

Brotalöm í málefnum geðsjúkra

Þegar fjármagn er af skornum skammti þarf að setja það í það sem er mikilvægast, og ég vona að Alþingi hafi skilning á þessum málaflökki og setji hann í forgangshóp næstu árin, sagði Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra er hún kynnti niðurstöður starfshóps sem haft hefur það að verkefni að kanna málefni alvarlega geðsjúks fólks, sem ekki er inni á sjúkrahúsum. Niðurstöður starfshópsins eru ekki fallegar og er ástandið mun svartara en ráð var fyrir gert. Alls eru það 124 einstaklingar sem eru nú í brýnni þörf fyrir úrræði í húsnæðismálum. En gert var ráð fyrir að sá hópur teldi aðeins 30-40 manns.

Í lok janúar sl. skipaði félagsmálaráðherra starfshóp er gera ætti tillögur um úrbætur í húsnæðis- og félagsmálum alvarlega geðsjúkra sem eru útskrifaðir af geðdeildum en búa við óviðunandi aðstæður. Í

þessum hópi voru m.a. fulltrúar frá Geðhjálp, Geðverndarfélaginu, aðstandendum geðsjúkra, auk fagfólks úr félags- og heilbrigðisþjónustunni.

Jóhanna sagði að upphaflega hafi verið áætlað að um 30-40 einstaklingar byggju við óviðunandi aðstæður sökum geðfötlunar.

– Starfshópurinn leitaði m.a. til félagsmálastofnana stærstu sveitarfélaganna, geðdeilda sjúkrahúsa og svæðisstjórna fatlaðra eftir gögnum í málinu, sagði Jóhanna.

– Þegar upplýsingasöfnuninni var lokið blásti við mun dekkri mynd en gert hafði verið ráð fyrir, sagði Jóhanna.

Alls bærust nefndinni upplýsingar um 124 einstaklinga sem eru nú í mjög brýnni þörf fyrir úrbætur í húsnæðismálum. Um er að ræða 87 karlmenn og 37 konur. Flesta, eða tæplega 100 manns, er að finna á höfuðborgarsvæðinu og aldurskiptingin sýnir að flestir eru á aldrinum 30-40 ára.

Jóhanna sagði að starfshópur-



Niðurstöður starfshóps um aðstæður alvarlega geðsjúkra einstaklinga sem ekki eru á sjúkrahúsum voru kynntar í félagsmálaráðneytinu í gær. Frá vinstri eru Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra og Margrét Margeirsdóttir, deildarstjóri í félagsmálaráðneytinu. Mynd: Jim Smart.

inn hafi skilgreint möguleg úrræði á þrjá vegu.

– Í fyrsta lagi er um að ræða sambylí fyrir þá einstaklinga sem þurfa mestan stuðning og eftirlit. Á slíku sambylí þurfa að vera starfsmenn allan sólarhringinn. Niðurstöður starfshópsins er að 43 einstaklingar þarfnist úrræðis á þennan veg, sagði Jóhanna.

– Úrræði númer tvö eru sambylí fyrir þá einstaklinga sem þurfa minni stuðning og eftirlit. Þá er ég að tala um starfsmenn frá morgni

til kvölds eða í um 16 klst., sagði félagsmálaráðherra.

Í þriðja lagi þarf íbúðir af ýmsu tagi, þeir sem þyrftu á því að halda eru tiltölulega sjálfbjarga með daglegar athafnir, en þarfnast þó reglubundins stuðnings og heimajónustu, sagði Jóhanna Sigurðardóttir.

Bragi Guðbrandsson aðstoðarmaður félagsmálaráðherra sagði að Íslendingar hafi á áttunda áratugnum unnið mikið fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, áratug seinna hafi þroskaheftir fengið athygli lands-

manna og búið að þeim oft á tíðum vel.

– Nú er kominn tími geðheftra einstaklinga, sagði Bragi. – Það er almennt viðurkennt að þessi hópur hefur setið eftir í umfjöllun og aðgerðum gagnvart fötluðu fólki.

– Maður horfir á, að nú þegar sameining ríkis og sveitarfélaga hefur verið komið á, þá taki það af öll tvímæli um að geðsjúkt fólk geti gengið inn í þá þjónustu sem kerfi fatlaðra einstaklinga býður uppá, sagði Bragi. –sp